

LÖGMENN HÖFÐABAKKA

541268-0149

HÖFÐABAKKI 9 · 6. HÆÐ · 110 REYKJAVÍK · SÍMI 587 1286 · FAX 587 1247 · logmenn@justice.is · http://www.justice.is

Akraneskaupstaður
V.t. Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri.
Stillholti 16-18
300 AKRANES

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Mótl. af	Gjó	Mótl. d.
Ab.m.	RA	13 APR. 2015
Úrv.aðili	St. A	Afrít
Símtal	Tölvup.	Fax
Svarfr.	Frún.mál	Fskj.
Málsnr. One	150404b	

PÓRDUR BOGASON HRL.
EINAR FARESTVEIT HDL.
GUNNAR INGI JÓHANNSON HRL.
KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR HDL.
VIGDÍS ÓSK SVEINSDÓTTIR HDL.
GUÐNÝ HJALTADÓTTIR LÖGFR.

Reykjavík, 10. apríl 2015

Ágæti bæjarstjóri,

Efni: Heitloftsþurrkun HB Granda (Laugafisks) á Akranesi. Beiðni um upplýsingar um starfsemi verksmiðjunnar, fyrirhugaða stækken, mengun, mengunar-mælingar, mengunarvarnir, eftirlit o.fl.

Umbj. mínir eru hópur íbúa á Akranesi er hafa falið mér undirrituðum lögmanni að gæta hagsmunu sinna í tengslum við mengun af völdum starfsemi heitloftsþurrkunar HB Granda, (Laugafisks) við Breiðargötu og Vesturgötu og fyrirhugaða stækken verksmiðjunar.

Óparfi er að rekja fyrir yður áralanga baráttu íbúa í nágrenni við fiskþurrkunina en starfsemi Laugafisks var flutt frá Njarðvík til Akraness árið 2003. Allar götur síðan hafa íbúar þurft að þola megra ólykt frá starfseminni þrátt fyrir fullyrðingar um að mengun væri óveruleg. Í þessu sambandi má m.a. rifja upp að hinn 5. desember 2008 var kveðinn upp úrskurður í umhverfisráðuneyti vegna ákvörðunar heilbrigðisnefndar Vesturlands um að endurnýja starfsleyfi Laugafisks til 12 ára. Í úrskurði ráðuneytisins kom skýrt fram að einhver fjöldi nágranna hefði um tiltölulega langa hríð ítrekað kvartað og lýst óánaegju vegna ólyktar frá starfseminni en heilbrigðisnefnd fullyrt að í engu hafi verið slakað í kröfum um mengunarvarnir, þróunarvinna væri yfirstandandi varðandi mengunarvarnir en niðurstöður lægju ekki fyrir. Þá kom fram að vöktun hefði staðið stutt yfir og ekki væri tímabært að birta skýrslu um efnið en þetta virðist hafa verið andsvar við staðhæfingum íbúa um að kvörtunum væri ekki sinnt. Í úrskurðarorðum ráðuneytisins var bætt við nýju skilyrði í grein 3.6. í starfsleyfi, svohljóðandi: *Eftirlitsaðili hagar tíðni og umfangi eftirlits svo og öðrum viðbrögðum vegna starfseminnar með sérstöku tilliti til lyktarmengunar og kvartana er kunna að berast vegna hennar.* Heilbrigðisýfirvöld sveitarfélagsins ættu því að búa yfir ítarlegum upplýsingum.

HB Grandi hefur yfirtekið starfsemi Laugafisks og starfsleyfi þess, en það gildir til 1. febrúar 2016. Þær fregnir hafa borist að HB Grandi hyggist þrefalda framleiðslu sína úr 170 tonnum á viku í 600 tonn á viku með stækken á verksmiðjunni og jafnvel bæta við afurðum til þurrkunar. Umbj. mínir mótmæla alfarið öllum áformum um að stækka verksmiðjuna enda hefur ólykt valdið mikilli skerðingu á lífsgæðum þeirra auk þess sem fyrirséð er að fasteignir þeirra verðfalli eða teljist verðlausar vegna mengunar og er þá ekki tiltekið það tjón sem þegar hefur orðið frá því verksmiðjan tók til starfa.

Athygli bæjarstjóra er vakin á því að skv. lögum nr. 7/1998 ber stjórnvöldum að sjá til þess að bæjarbúar búi við heilnæm lífsskilyrði og þeim sé tryggt heilnæmt og ómengað umhverfi. Þannig ber yfirvöldum ekki að veita leyfi til starfsemi sem veldur loftmengun, þ.m.t.

LÖGMENN HÖFÐABAKKA

lyktarmengun. Í slíkum tilfellum bæri sveitarstjórn að leggja til aðra staðsetningu en sveitarstjórn hefur verið bent á aðra mögulega staðsetningu innan marka sveitarfélagsins.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og 5. gr. laga nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál, er farið fram á að sveitarstjórn Akraneskaupstaðar afhendi undirrituðum allar upplýsingar og gögn sem varða ofangreinda starfsemi HB Granda og áður Laugafisks sem tengast starfseminni og fyrirhugaðri stækkan / framleiðsluaukningu auk upplýsinga um kvartanir íbúa, mælingar á mengun, vöktun og viðbrögð við kvörtunum íbúa. Nánar tiltekið er óskað eftir eftirfarandi gögnum að svo stöddu:

1. Öll gögn vegna umsóknar HB Granda um starfsleyfi sem gefið var út sem endurnýjað starfsleyfi Laugafisks 16. desember 2013.
2. Öll gögn vegna umsóknar HB Granda vegna fyrirhugaðrar stækkunar á heitloftsþurrkunarverksmiðjunni, þ.m.t. lýsingu á mengunarvarnarbúnaði, áætlanir um dreifingu lyktarmengunar, styrk efna, vindrósir, mælingar og aðrar athuganir.
3. Skýrslur, minnisblöð, fundargerðir, minnispunkta og greiningar sem unnar hafa verið af sveitarstjórn, heilbrigðisnefnd, heilbrigðiseftirliti og undirnefndum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins vegna starfsemi heitloftsþurrkunar HB Granda og áður Laugafisks.
4. Skýrslur ráðgjafa til sveitarstjórnar, minnisblöð, glærur, gröf, fundaáætlanir, verkáætlanir og annað kynningarrefni sem varðar stækkan/aukningu á framleiðslugetu HB Granda á Akranesi. Einnig er óskað eftir skýrslum sem þriðji aðili hefur unnið og sent sveitarstjórn.
5. Öll gögn um kvartanir íbúa vegna starfsemi Laugafisks frá gildistöku starfsleyfis þess og fram til þess tíma er HB Grandi tók yfir starfsleyfið. Þá er farið fram á öll sömu gögn vegna starfsemi HB Granda frá því félagið tók við starfsleyfinu 16. desember 2013. Í þessu sambandi er að auki farið fram á tæmandi lista úr málaskráningarkerfi heilbrigðisyfirvalda vegna kvartana, gögn um rannsóknir og greiningu kvartana og til hvaða úrræða var gripið gagnvart fyrirtækinu. Þá er farið fram á að afhent verði öll gögn, mælingar og rannsóknir sem heilbrigðisnefnd á þeim tíma upplýsti umhverfisráðherra um árið 2008 að væru yfirstandandi en ekki tilbúnar þá, sbr. framangreindan úrskurð. Jafnframt er farið fram á gögn og upplýsingar um kvartanir sem borist hafa beint til Laugafisks og síðar HB Granda á sama tímabili og hvernig fyrirtækin brugðust við kvörtunum. Réttur umbj. minna til ítarlegra upplýsinga um þessi atriði styðst að auk framangreindra lagaheimilda við gr. 9.2. í starfsleyfi.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 23/2006 nær upplýsingaréttur almennings til hvers kyns upplýsinga, í rituðu, sjónrænu, heyranlegu, rafrænu eða einhverju efnislegu formi. Með öllum gögnum í þessari beiðni er þannig auk þess sem að framan greinir átt við fundarbeiðnir, fundarboð, dagskrár, fundargerðir, minnisblöð, minnispunkta, glærur, ræður, samantektir, bréf, tölvupósta, upptökur og hvaðeina sem geymir upplýsingar um starfsemi Laugafisks og síðar HB Granda sem lýst er í þessari beiðni. Gögnin óskast send rafræn eftir því sem kostur er á netfangið einar@justice.is en ella á skrifstofu Lögmanna Höfðabakka, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík. Þess er óskað að gögnin berist innan lögbundins frests.

Virðingarfyllst,

Einar Farestveit hdl.